

## Vinnuskjal/trúnaðarmál

### MINNISPUNKTAR

#### Fundur með SÍ vegna erindis Umboðsmanns Alþingis um reglur um gjaldeyrismál

7. febrúar kl. 12:00 – 13:00

Mættir voru: Jón Karlsson og Ingibjörg Guðbjartsdóttir frá SÍ og frá EVR voru HJ og ÞMH, sem skráði minnispunkta.

HJ gerir grein fyrir fundi með UA sl. föstudag. EVR líti svo á að fyrri hluti erindis UA sé úr sögunni, þar sem EVR hafi lagt fram nýja ákvörðun SÍ frá 19. nóv. sl. UA hyggst skrifa kvartanda og leggja til að málinu verði lokið.

Á fundi með UA hafi EVR auk þess afhent öll gögn sem UA óskaði eftir í bréfinu – þ.e. samskipti EVR og SÍ vegna reglnanna á fundinum, leiðbeiningareglurnar, ákvörðun SÍ frá 19. nóvember sl. og upplýsingar um mál

Upplýst að á fundinum með UA hafi fítarlega verið rætt um samþykki ráðherra og birtingu samþykkis EVR. EVR hélt fram þeiri skoðun sinni að skortur á birtingu þess í stjórnartíðindum hafi ekki réttaráhrif.

UA hafði fyrir fundinn vísað til Hæstaréttardóms nr. 236/2004 og var efni hans rætt á fundinum, m.a. hvort það hafi áhrif að í þeim dómi hafi verið um að ræða lægra sett stjórnvald en ekki sjálfstætt stjórnvald eins og SÍ. IG bendir á að dómafordæmið ætti ekki við þar sem SÍ væri sjálfstætt stjórnvald. UA telur að skv. íslenskri lögfræði geti framkvæmdavalshafi ekki framselt refsiviðurlög til stofnanna, sama hvernig þær eru settar upp.

IG benti á að samþykki ráðherra hafi verið sent Stjórnartíðindum og reglurnar hafa ekki verið birtar fyrr en það liggur fyrir hjá Stjórnartíðindum.

HJ – hluti af þeim áherslum sem koma í kjölfar RNA – menn framselji ekki ábyrgð sem þeir hafa.

IG – í lögum um gjaldeyrismál er kveða á um að SI fari með meðferð þeirra. Verkefni sem á ekki að vera háð neinu öðru en mati SÍ á markmiðum. Almennt er þetta hlutverk Seðlabanka, þetta er eitt af þeim tækjum sem SÍ hefur til að tryggja stöðugleika.

- 4. gt. rætt um hlutverk SÍ – varðveita gjaldeyrisvarasjóð. Ef ekki gjaldeyrishöft, væri gjaldeyrisvarasjóðurinn horfinn.
- Benda á önnur fordæmi s.s. Fjármálaeftirlitið, setur reglur og Samkeppniseftirlitið. Einnig að finna refisákvæði í reglugerðum á grundvelli umferðarlaga.

HJ – mikilvægt að bréf til UA verði nýtt til að afla skilnings og sem tækifæri til að koma skýringum á framfæri. Vísá til sjálfstæðis SÍ, að þetta sé verkefni sem er hluti af því.

- nota umfjöllun um þörf á stöðvun aflandskróna.
- nota tækifærið og upplýsa UA eins og kostur er afhverju hlutirnir eru eins og þeir eru.
- SÍ aðstoði til að svarið sé sem best upplýsandi varðandi tilgang og markmið.
- Í bréfinu verði upplýst að fyrirhuguð sé breyting á lögum um gjaldeyrismál þar sem tekin verði inn atriði sem hugsanlega þurfi að endurskoða.
- IG bendir á að það geti verið varasamt að upplýsa hann um slik, megi túlka sem viðurkenningu af halfu stjórnvalda.